

stein" og „ódáinsvökva" burt af afskiftasviði vísindanna inn á hjátrúarinnar breiðaból.

Önnur vísindagrein fornaldarinnar var stjörnuspekin—astrologian. Það var sú skoðun, að rás og innbyrðis afstaða stjarnanna væri undirrot allra breytinga og fyrirbrigða á jörðunni.\*— Speki þessi er ævagömul og má fylgja henni aftur í tímann til Kaldeumanna eða Akkadanna 4—5000 f. Kr.

Menn höfðu komist eftir því, að rás stjarnanna var tíma-bundin, og með því að gefa því nákvæmar gætur, er fram færí á jörðunni, þegar plánetur og stjörnur væri í vissri afstöðu hver við aðra, þá átti að vera hægt að segja fyrir, hvað skeði í næsta skifti við næstu samstirning, er það var venjulega nefnt. Út frá þessari hugmynd leiddu Kaldear Astrologíuna, er varð umfangsmikil vísindagrein, sem töfraspekingar miðaldanna uku svo og fullkomnuðu löngu síðar á alla vegu.

En tímiarnir breyttust, og er stjörnuspekingarnir Galileo og Kepler komu til sögunnar og færðu heiminum lögmálstöflurnar um hreyfingu reikistjarnanna, þá er einnig stjörnuspekin hin æruverða og ævagamla lostin banasári. Hér er því nýtt dæmi og næsta viðbrigðilegt fyrir því, að það, sem öldum saman hafa vísindi verið talin, verður síðar meir fellt úr tigninni og dæmt hreinasta hjátrú.

Eftir því sem trúarbrögðin hafa á rás tímanns þroskast í heiminum, þá bera viðlika fyrirbrigði fyrir og þessi, er vér síðar sýnum glöggvar. Vér viljum að eins taka hér eitt einstakt dæmi þessa. Kyrkjufeðurnir svo nefndu, á 1. öld kristninnar, lögðu trúnað á illa ára (illvætti), og þessi trú varð einn meginliður í kenningu kyrkjunnar. En svo halda þeir því fram á hinn bógin, að illir árar gæti ekkert mein unnið sannkristnum mönnum, svo ekkert væri að óttast fyrir þá frá hlið illvættanna.

En svo hér um bil einni öld síðar er veruleg breyting kom-

\*) Upptökin að skoðun þessari hafa fræðimenn álitid vera þá, að upphaflega trúðu menn því, að stjörnur og tungl væri andar eða verur máttugar og mikils ráðandi. Benda ýms grízku og rómversku goðanöfnin á það. Í biblunni er og getið um „heimnanna herskara" í þeirri merkingu, að átt er við tungl og stjörnur sem lifandi verur.— Ritstj.